

Loðnuvinnslan hf
Skólavegi 59
750 Fáskrúðsfjörður

Egilsstaðir, 31.10.2023
UST202301-266/F.Æ.
08.10.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 4.10.2023 - Fiskimjölsverksmiðja Loðnuvinnslunnar, Fáskrúðsfirði

Þann 4. október sl. fór fram eftirlit í fiskimjölsverksmiðju Loðnuvinnslunnar, Fáskrúðsfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin eldri frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram.

Þrjár ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða:

1. Ílát með ediksýru standa óvarin utandyra. Kanna þarf hvort mögulegt sé að verja ílátin til að takmarka hættu á að ediksýra komist út í umhverfið, en að öðrum kosti þarf að finna hentugri geymslustað fyrir sýruna.
2. Tryggja þarf að í efnageymslu séu öryggisblöð fyrir öll efni sem þar eru geymd. Auk þess þurfa öryggisblöð að vera tiltæk þar sem efni eru notuð.
3. Reikna þarf rúmtak lekavarnaþróar sem lýsisgeymar eru í.

Fjögur frávik komu fram er varða:

1. Gr. 2.24 í starfsleyfi. Efni í efnageymslu eru án viðeigandi lekavarna.
2. Gr. 3.3 í starfsleyfi. Grænu bókhaldi var ekki skilað á tilskildum tíma. *Grænu bókhaldi var skilað þann 1. júní sl. og er frávikinu því lokað*
3. Gr. 3.3 í starfsleyfi. Útstreymisbókhaldi var ekki skilað á tilskildum tíma. Útstreymisbókhaldi var skilað þann 8. maí sl. og er frávikinu því lokað
4. Gr. 3.2 í starfsleyfi. Fita, svifefni og COD í frárennsli verksmiðjunnar var ekki mælt árið 2022.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 21. nóvember 2023.

Virðingarfyllst

Freyr Ævarsson
sérfræðingur

Gottskálf Friðgeirsson
sérfræðingur